

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð síra Sveins Vikings, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Sveins Vikings.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður síra Sveins Vikings.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af Samvinnuskólanum, Bifröst fyrir fé, er starfslið skólans hefur aflað með aukavinnu í þágu skóla og mótuneytis.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 200.000.00.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé.

5. gr.

Markmið sjóðsins er að vekja áhuga á hvers konar vísindum, er snerta sálar-, trúar- og menningarlíf með því m. a. að veita styrki til ritstarfa, fyrirlestrahalds og tilrauna. Sálarrannsóknir skulu þó hafa forgang og sú starfsemi, sem fram fer á vegum Sálarrannsóknarfélags Íslands.

Heimilt er að ráðstafa allt að helmingi vaxta sjóðsins eins og þeir eru á hverjum tíma í þessu skyni.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þessum aðilum: Skólastjóra Samvinnuskólans, forseta Sálarrannsóknarfélags Íslands og fulltrúa kosnum af ættingjum síra Sveins Vikings og skal hinn síðastnefndi vera formaður sjóðsins. Meðan ekkja síra Sveins, frú Sigurveig Gunnarsdóttir, lifir skal hún eiga sæti í stjórn sjóðsins sem formaður.

7. gr.

Ráðstöfun á úthlutunarfé sjóðsins svo og endurskoðaðir reikningar hans af endurskoðendum Samvinnuskólans, skal hvort tveggja birt í skólaskýrslu Samvinnuskólans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

11. janúar 1974.

Nr. 8.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi í Húsavíkurkaupstað
nr. 49 frá 2. mars 1972.

1. gr.

6. gr. orðist þannig:

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði, en til að standast þann kostnað ber húseigendum, sem húseignir eiga við götu, veg eða opið svæði, þar sem